

Innleiðing lagaskyldu um sjálfbærniupplýsingar: Reynslan af löggjöfinni, helstu drifkraftar sjálfbærniupplýsinga og áhrif þeirra á starfsemi og rekstur fyrirtækja

Ingi Poulsen og Þröstur Olaf Sigurjónsson¹

Ágrip

Á árinu 2016 var ákvæði 66. gr. d. bætt við lög um ársreikninga nr. 3/2006 en með ákvæðinu var fyrirtækjum af ákveðinni gerð og stærð gert skylt að greina frá umfangsmiklum ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningum sínum. Með ákvæðinu var innleidd tilskipun Evrópusambandsins um ófjárhagslegar upplýsingar og upplýsingar um fjölbreytileika nr. 2014/95/EB. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þá reynslu sem hlotist hefur af lagasetningunni. Þá leitast rannsóknin við að greina þau áhrif sem löggjöfin hefur haft á íslensk fyrirtæki í samhengi við aðra áhrifaþætti sem gegna hlutverki í sjálfbærniupplýsingaferð fyrirtækja. Með því er leitast við að varpa ljósi á helstu þætti sem kunna að hafa þýðingu fyrir gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga enda veitir löggjöfin fyrirtækjum umtalsvert sigrúm í upplýsingagerðinni. Á grundvelli þessa markmiðs leitast rannsóknin við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun sérfræðinga sem vinna að gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga af innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf, hvaða áhrif hefur hún haft á starfsemi íslenskra fyrirtækja og hvaða aðrir áhrifaþættir og hvatar hafa þýðingu gagnvart umfangi og gæðum sjálfbærniupplýsinga þeirra? Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að íslensk fyrirtæki séu aftarlega á merinni í alþjóðlegum samanburði. Lög hafa hjálpað til að setja sjálfbærni á dagskrá en hafa ekki lykilþýðingu við ferli upplýsingagjafar í dag. Margvíslegir hvatar og áhrifaþættir hafa áhrif á sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja, umfram annað þrýstingur frá háhögum. Miðlun sjálfbærniupplýsinga hefur þó margvísleg bein og óbein áhrif á rekstur og starfsemi fyrirtækja.

Abstract

In 2016, Article 66 d. was added to the Annual Accounts Act No. 3/2006, which obligated companies of a certain type and size to disclose extensive non-financial information in their annual accounts. The provision implemented the European Union's Non-Financial and Diversity Information Directive 2014/95/EC into Icelandic law. The objective of this study is to shed light on the experience gained from the

¹ Ingi Poulsen er lögmaður og sáttamiðlari hjá Poulsen ráðgjöf. Netfang: ingi@poulsenlegal.is. Þröstur Olaf Sigurjónsson er prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Netfang: olaf@hi.is.

legislation. The study also seeks to analyse the impact that the legislation has had on Icelandic companies in the context of other factors that play a role in the sustainability journey of companies, thereby aiming to shed light on the main factors that may be of significance for the quality and scope of sustainability information, as the legislation gives companies considerable leeway in the reporting practices of companies. On the basis of this objective, the study seeks to answer the following research question: What is the experience of those who work on the preparation and dissemination of sustainability information from the implementation of the EU Directive on non-financial reporting, what impact has it had on the operations and activities of Icelandic companies, and what other influencing factors and incentives are significant in relation to the scope and quality of their sustainability information? The results of the study indicate that Icelandic companies are lagging behind in international comparisons. The legislation has helped to put sustainability on the agenda but is not of key importance in the process of disclosure today. A variety of incentives and drivers affect companies' sustainability reporting, above all pressure from stakeholders. However, sustainability reporting practices has a variety of direct and indirect effects on the operations and activities of companies.

JEL flokkun: G34; M1; L1; L2.

Lykilorð: Stjórnarhættir fyrirtækja; ófjárhagslegar upplýsingar; sjálfbærniupplýsingar; lög og reglur; leiðbeiningar um stjórnarhætti.

Keywords: Corporate governance; non-financial information; sustainability reporting; law and regulation; governance codes.

The Implementation of Legal Obligations on Sustainability Reporting: Legislative Insights, Key Drivers and Corporate Impacts

1 Inngangur

Lögbundin skylda til að miðla ófjárhagslegum upplýsingum (hér eftir sjálfbærniupplýsingum) á sér ekki langa sögu á Íslandi. Með 42. gr. laga nr. 73/2016 voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006 að því er varðar upplýsingagjöf fyrirtækja en með lögnum var bætt við nýju ákvæði um ófjárhagslega upplýsingagjöf, sbr. nágildandi 66. gr. d. í lögnum. Í stuttu máli leggur ákvæðið þær skyldur á öll stærri fyrirtæki og flesta stofnanafjórfaða að láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar í ársreikningum hvers reikningsárs upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif fyrirtækis. Samkvæmt ákvæðinu skal að lágmarki fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál og gera grein fyrir stefnu fyrirtækis í mannréttindamálum og hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið skal enn fremur innihalda hnitmiðaða lýsingu á viðskiptalíkani félagsins, lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt ákvæðinu, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli fyrirtækið framfylgir. Enn fremur yfirlit yfir árangur af stefnu fyrirtækis í þeim málum sem ákvæðið fjallar um og lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri þess. Þar með talið eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líkleg eru til að hafa skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig fyrirtækið tekst á við þá áhættu og að endingu ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Með ákvæðinu var verið að innleiða tilskipun 2014/95/EB er varðar birtingu tiltekinna stórra fyrirtækja og samstæðna á ófjárhagslegum upplýsingum og upplýsingum um fjölbreytileika. Lögnum hefur verið breytt einu sinni en með lögum nr. 102/2020 voru gerðar nokkrar breytingar á ársreikningalögum. Í athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til lag-

anna segir að markmið frumvarpsins sé að auka traust og tryggja gagnsæi í upplýsingagjöf fyrirtækja sem almennt má telja að séu þjóðhagslega mikilvæg og varða hagsmuni almennings. Frumvarpið var liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem miðuðu að því að auka traust á íslensku atvinnulífi, m.a. með því að gera ríkari kröfur um gagnsæi í rekstri stærri kerfislega mikilvægra fyrirtækja. Með frumvarpinu var einnig verið að bregðast við tilmælum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hvatt hafði íslensk stjórnvöld til að auka gagnsæi í rekstri stærri fyrirtækja (Þingskjal nr. 1244/2019-2020).

Í lögskýringargögnum er lítið um skýringar á einstaka hugtökum og takmarkaðar leiðbeiningar um þær aðferðir sem beita skal við að útbúa upplýsingar samkvæmt ákvæðinu. Í athugasemdum við 42. gr. laga 73/2016 sem fram koma í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna, og varð að ákvæði 66. gr. d. í ársreikningalögum, kemur þó fram að miða skuli við aðferðir sem þróaðar hafa verið innan lands, innan Evrópusambandsins eða alþjóðlega. Undanfarin ár hafi þróast ýmsar aðferðir við samfélagsskýrslugerð sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu og er gert ráð fyrir að slíkar aðferðir séu notaðar. Má þar nefna Global Reporting Initiative (GRI), ISO 26000 eða Global Compact stöðuskýrslur, sem notaðar eru af fjölda félaga víða um heim (Þingskjal nr. 1244/2019-2020). Af þessu má leiða að svigrúm félaga til að beita aðferðum við upplýsingagjöfina sé umtalsvert. Hérlandis hefur Nasdaq kauphöllin sett fram leiðbeiningar um gerð sjálfbærniupplýsinga en á markaði er gríðarlegt magn staðla, leiðbeininga og ferla sem fyrirtæki geta notað við gerð upplýsinganna. Er stundum vísað til þess sem „stafrófssúpunnar“ (the alphabet soup) (Bose, 2020). Þess utan hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefið út leiðbeiningar um gerð sjálfbærniupplýsinga á grundvelli tilskipunarinnar (Evrópusambandið, 2017).

Lögin eru því hönnuð með þeim hætti að fyrirtæki hafa umtalsvert svigrúm til þess að ákveða efnislegt innihald upplýsingagjafarinnar. Fyrirtæki styðjast við fjölda ólíkra viðmiða, staðla og sjálfbærnivísa við gerð sjálfbærniupplýsinga og geta skrifað sjálfbærnisögu sína með hliðsjón af þeim markmiðum sem fyrirtækin setja sér með miðlun upplýsinganna. Af því leiðir að fyrirtæki eru undirorpin ólíkum hvötum og áhrifaþáttum við ákvörðun á inntaki upplýsinganna.

Alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið KPMG hefur gert reglulegar úttektir á sjálfbærnisráðgjafum í fjölda landa. Ísland hefur verið hluti af þeim löndum sem könnunin nær til frá árinu 2020 en það ár voru sjálfbærnisráðgjafur 5.200 fyrirtækja í 52 löndum rýndar. Könnunin leiddi í ljós að 52% íslenskra fyrirtækja gáfu út skýrslur um sjálfbærni það árið sem var talsvert lægra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum þar sem hlutfallið var 98% í Svíþjóð, 82% í Finnlandi og 77% í Noregi (KPMG, 2020). Könnunin var framkvæmd aftur tveimur árum síðar en þá hafði þetta hlutfall hækkað upp í 91% á Íslandi. Aukið umfang sjálfbærniupplýsinga mátti umfram annað rekja til breytinga á ársreikningalögum árið 2020 sem felldu fleiri fyrirtæki undir lögin (KPMG, 2022).

Kannanirnar gefa til kynna þróun í útgáfu sjálfbærniupplýsinga íslenskra fyrirtækja og að lagasetning hafi átt talsverðan þátt í umfangi sjálfbærniupplýsinga hér á landi. Hins vegar hafa engar rannsóknir verið gerðar á þeim áhrifum sem lagasetningin hefur haft á sjálfbærniupplýsingagerð, innihald, gæði og umfang þeirra. Þá skortir einnig upplýsingar um þá hvata sem búa að baki sjálfbærniupplýsingagerð og þau áhrif sem sjálfbærniupplýsingar geta haft á rekstur og starfsemi fyrirtækja á Íslandi.

Þær upplýsingar geta verið þýðingarmiklar í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað innan Evrópusambandsins á næstu kynslóð löggjafar um sjálfbærniupplýsingar en mun fleiri og fjölbreyttari fyrirtæki en áður munu þurfa að miðla sjálfbærniupplýsingum.

Árið 2019 kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hinn evrópska Græna sáttmála. Markmið hans er meðal annars að Evrópa verði fyrsta kolefnishlutlaus heimálfan, eigi síðar en árið 2050. Fjölmargar nýjar tilskipanir og reglugerðir eiga að tryggja að markmiði sáttmálans verði náð. Ein þeirra er tilskipun sambandsins nr. 2022/2464 um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (Corporate Sustainability Reporting Directive eða CSRD) en hún leysir fyrri tilskipun um ófjárhagslegar upplýsingar af hólmi og tók gildi í aðildarríkjum Evrópusambandsins þann

5. janúar 2023. Í aðfararorðum tilskipunarinnar eru rakin þau sjónarmið sem liggja til grundvallar nýju tilskipuninni. Þar er meðal annars tilgreint að fjöldi haghafa hafi bent á mikilvægi þess að falla frá orðnotkuninni „ófjárhagslegar upplýsingar“ enda hafi slíkar upplýsingar í auknum mæli fjárhagslega þýðingu. Þá hafi úttektir sýnt að þörf sé á að staðla upplýsingarnar svo þær verði betur samanburðarhæfar og kveða þurfi á um skyldubundna staðfestingu þeirra frá óháðum þriðja aðila. Tilskipunin felur því í sér umtalsverðar breytingar á landslagi sjálfbærniupplýsinga en hún gerir ráð fyrir að fyrirtæki miðli talsvert ítarlegri upplýsingum en áður. Fyrirtæki munu þurfa að gera grein fyrir samskiptum við haghafa, stefnumótun á sviði sjálfbærni, áhættustýringu, viðskiptatækifærum og gera grein fyrir því með hvaða hætti stefnumótun og viðskiptamódel falla að sjálfbærnivegferð hagkerfisins og markmiði Parísarsamningsins um að takmarka hækkun hitastigs jarðar við 1,5°C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Þá þurfa fyrirtæki að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu, þ.e. greina bæði áhrif fyrirtækis á umhverfi og samfélag og áhrif umhverfis og samfélags á rekstur þeirra. Með tilskipuninni koma samræmdir staðlar sem fylgja ber við upplýsingagerðina auk þess sem upplýsingarnar verða að vera staðfestar af óháðum ytri aðila. Þá hefur gildissvið tilskipunarinnar verið útvíkkað umtalsvert og nær nú til fjölbreyttari tegunda fyrirtækja auk þess sem skráð milli-stór og lítil fyrirtæki, utan skráðra örfyrirtækja, þurfa einnig að miðla sjálfbærniupplýsingum. Áætlað er að fjöldi fyrirtækja í Evrópu sem munu miðla sjálfbærniupplýsingum fari úr 11.600 í að vera um 50.000 við gildistöku tilskipunarinnar.

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þá reynslu sem hlotist hefur af innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf á Íslandi. Þá leitast rannsóknin við að grein þau áhrif sem löggjöfin hefur haft á íslensk fyrirtæki í samhengi við aðra áhrifaþætti sem gegna hlutverki í sjálfbærnivegferð fyrirtækja en með því má varpa ljósi á helstu þætti sem hafa þýðingu fyrir gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga enda veitir löggjöfin fyrirtækjum umtalsvert sigrúm í upplýsingagerðinni. Á grundvelli þessa markmiðs leitast rannsóknin við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun sérfræðinga sem vinna að gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga af innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf, hvaða áhrif hefur hún haft á rekstur og starfsemi íslenskra fyrirtækja og hvaða aðrir áhrifaþættir og hvatar hafa þýðingu gagnvart umfangi og gæðum sjálfbærniupplýsinga þeirra?

Rannsóknin byggir á hálf-opnum viðtölum með opnum spurningum og beitir haghafa- og lögmatiskenningu sem kenningarfræðilegum grundvelli til að útskýra helstu áhrifaþætti að baki sjálfbærniupplýsingagerð íslenskra fyrirtækja.

Greinin er þannig uppbyggð að í öðrum kafla er fjallað um fræðilega undirstöðu rannsóknarinnar, í þeim þriðja er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar, í fjórða kafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar og er þeirri umfjöllun skipt upp í þrjá undirkafla. Í kafla 4.1 er fjallað um áhrif lagasetningarinnar á sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja, í kafla 4.2 er fjallað um aðra áhrifaþætti og hvata að baki sjálfbærniupplýsingum og í kafla 4.3 er fjallað um áhrif sjálfbærniupplýsingagjafar á rekstur og starfsemi fyrirtækja. Í fimmta kafla fer fram umræða um niðurstöður rannsóknarinnar og lokaorð.

2 Fræðilegt yfirlit

Fyrirtæki miðla sjálfbærniupplýsingum annars vegar á grundvelli lagalegrar skyldu þar um og hins vegar með valkvæðum hætti. Þessi tvennskonar grundvöllur fyrir sjálfbærniupplýsingum er því byggður á ólíkum forsendum. Sjálfbærniupplýsingar sem miðlað er á grundvelli laga eru því umfram annað háðar þeim hvata sem hlýst af hlíttni við lög og þeim markmiðum sem lagasetningin vinnur að. Lög veita hins vegar alla jafna talsvert svigrúm fyrir fyrirtæki til að ákveða efnislegt inntak sjálfbærniupplýsinga sem gerir upplýsingagjöfina því einnig háða ytri áhrifum og hvötum. Valkvæð upplýsingagjöf um sjálfbærni er hins vegar ekki bundin sama þrýstingi og leiðir af lagaskyldum og því stjórnast sú upplýsingagjöf af öðrum hvötum og áhrifaþáttum.

Haghafa- og lögmætiskenningar leitast við að varpa ljósi á þessa áhrifaþætti. Haghafakenningin byggir á því margir ólíkir haghafar geti haft áhrif á háttsemi fyrirtækja (Freeman, 1983). Samband fyrirtækis og haghafa þess sé grundvöllurinn að árangri þess og að fyrirtæki miðli upplýsingum um ófjárhagslega þætti í starfsemi þeirra í samhengi við væntingar og þarfir haghafanna (Benameur o.fl. 2023). Væntingar þeirra og þarfir eru því mikilvægir áhrifaþættir sjálfbærniupplýsingagjafar fyrirtækja (Eccles og Krzus, 2015; Velte, 2022).

Lögmætiskenningin tengist haghafakenningu en byggir á því að fyrirtæki séu bundin af samfélagslegum sáttmála þar sem ákveðin háttsemi fyrirtækja sé samfélagslega viðurkennd og tryggi þeim því lögmæti í samfélaginu (Dowling og Pfeffer 1975). Fyrirtæki taki stefnumiðaðar ákvarðanir um miðlun upplýsinga um umhverfislega og félagslega þætti til þess að koma á framfæri skilaboðum til samfélagsins um að þau séu hæf og samfélagslega ábyrg í þeim tilgangi að öðlast, viðhalda eða endurheimta lögmæti (Ali o.fl., 2021). Þau geti haft áhrif á viðhorf haghafa þeirra í gegnum sjálfbærniupplýsingar sínar með það að markmiði að efla ímynd sína og öðlast samfélagslegt lögmæti (O'Donovan, 2002; LaTorre 2018; Turzo o.fl., 2022).

Haghafa- og lögmætiskenningar geta því varpað ljósi á þá þætti sem hafa helst áhrif á háttsemi fyrirtækja í tengslum við sjálfbærniupplýsingagjöf þeirra. Það er þó ekki algild nálgun enda bendir Carmo o.fl. (2022) á að aðeins sumar kenningar geti útskýrt að fullu hvatana að baki frjálsri upplýsingagjöf um sjálfbærni.

Nokkur fjöldi rannsókna fjallar um þá þætti sem helst hafa áhrif á sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja, inntak, gæði þeirra og umgjörð. Höllerer (2013) bendir á jákvæð tengsl milli dreifðs einkaeignarhalds og ákvörðunar um að gefa út sjálfstæðar skýrslur um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Dienes o.fl. (2016), benda á að stærð fyrirtækis, sýnileiki þess í fjölmiðlum og eignarhald hafði mest áhrif á innihald og gæði upplýsinga um sjálfbærni. Christensen o.fl. (2021) nefna að stærð fyrirtækja hafi mikil áhrif á sjálfbærniupplýsingar enda séu stærri fyrirtæki undirorpin auknum samfélagslegum þrýstingi vegna þess hve áberandi þau eru í samfélaginu sem hvetur þau til að miðla sjálfbærniupplýsingum. Í sömu rannsókn er fjallað um að aukinn fjöldi hluthafa í fyrirtækjum hafi hvetjandi áhrif á gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga. Al-Shaer o.fl. (2022) benda að nokkrir innri og ytri þættir hafi megináhrif á sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja, svo sem hvort upplýsingarnar séu staðfestar af ytri aðila, þátttaka hagsmunaaðila, samsetning eignarhalds, gæði stjórnar og tilvist sjálfbærninefndar og einnig gæði þeirra viðmiða eða staðla sem nýttir eru við upplýsingagerðina. Enn fremur taka Carmo o.fl. (2022) og Qian o.fl. (2020) fram að þrýstingur frá ólíkum haghöfum, svo sem hluthöfum, móðurfélögum, viðskiptavinum, stjórnvöldum og fjármálafyrirtækjum, séu þýðingarmestu drifkraftarnir á bak við sjálfbærniupplýsingagerð. Þá hafa Uyar o.fl. (2021) bent á að tengsl séu á milli árangri og áherslum þjóða í sjálfbærri þróun, út frá mælikvörðum sem snúa að stjórnarháttum, félagslegum þáttum og umhverfislegum þáttum, og magns sjálfbærniupplýsinga sem miðlað er.

Rezaee og Tuo (2017) hafa bent á að rannsóknir hafi sýnt að upplýsingagjöf um sjálfbærni getur leitt af sér aukið flæði hlutafjár, lægri fjármagnskostnað, aukna miðlun upplýsinga um fyrirtæki fyrir milligöngu þriðja aðila og auknar tekjur.

Nokkur fjöldi rannsókna fjallar um áhrif tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslegar upplýsingar á evrópsk fyrirtæki. Aureli o.fl. (2020) komust að því að tilskipunin hafi haft jákvæð áhrif á þau fyrirtæki sem féllu undir gildissvið hennar en að upplýsingagjöf þeirra væri bundin af öðrum hvötum en hlítu við lög og því væri tilskipunin ekki til þess fallin að skapa samræmi í sjálfbærniupplýsingum fyrirtækja í Evrópu. Ottenstein o.fl. (2021) benda á að innleiðing tilskipunarinnar hafi aukið magn og gæði upplýsinga um sjálfbærni sem birtar eru af stórum, skráðum fyrirtækjum. Jafnframt bendir rannsókn þeirra til þess að lagalegar kröfur sem gerðar eru til stærri fyrirtækja hvetji smærri fyrirtæki óbeint til að birta upplýsingar um sjálfbærni í samræmi við lögbundin viðmið þrátt fyrir að þeim beri ekki lagaleg skylda til þess. Niðurstöður Posadas o.fl. (2023) sýndu á hin bóginn að tilskipun Evrópusambandsins hafi aðeins aukið magn sjálfbærniupplýsinga en ekki gæði þeirra. Ioannou og Serafeim (2017) hafa sýnt fram á að tilskipunin geti haft áhrif á stefnumótun og stjórnarhætti fyrirtækja.

3 Aðferð

3.1 Gagnasöfnun og greining

Framkvæmd rannsóknarinnar byggir á hálfopnum viðtölum (semi-structured interviews) þar sem stuðst var við viðtalsramma með opnum spurningum. Tekin voru átta viðtöl og öllum viðmælendum gerð grein fyrir nafnleynd og trúnaði í meðferð persónugreinanlegra upplýsinga. Við úrvinnslu á gögnum var notast við opna kóðun (open coding) sem byggir á að greina viðtölin með kerfisbundinni og skipulagðri aðferðafræði með það að markmiði að finna og skilgreina sameiginleg þemu (Corbin og Strauss, 1998). Við þemugreiningar eru viðtölin lesin ítarlega yfir og þar á eftir eru svo valin eitt eða tvö viðtöl og þau lesin aftur ítarlega og allar hugmyndir, vangaveltur og upplýsingar sem vekja athygli rannsækenda skráðar niður. Með því eru fundin tengsl milli viðtala og þeirra þema sem skilgreind eru. Þá eru svipaðar hugmyndir og þættir í hverju viðtali dregin saman í flokka (Corbin og Strauss, 1998).

3.2 Viðmælendur

Viðmælendur rannsóknarinnar eru átta talsins. Viðmælendur voru valdir með hliðsjón af reynslu þeirra og þekkingu á málaflokknum og leitast við að velja viðmælendur með breiðan bakgrunn og fjölbreytta reynslu. Á tímabili rannsóknarinnar voru í stóra samhenginu hvorki mörg íslensk fyrirtæki, né íslenskir sérfræðingar, með langa reynslu á sviði rannsóknarinnar. Leitast var við að finna viðmælendur sem þó höfðu veigamikla reynslu á sviði sjálfbærnimála og fást á þeim tíma sem greinin er rituð allir við gerð sjálfbærniupplýsinga. Horft var til þess að bakgrunnur viðmælenda væri ólíkur og kæmi meðal annars úr lögfræði, viðskiptafræði, endurskoðun og umhverfisfræði. Enn fremur að einhverjir þeirra hefðu reynslu af störfum sem ráðgjafar og stjórnendur á sviði sjálfbærni, sjálfbærniupplýsinga og eftirlits. Þannig völdust til rannsóknarinnar átta viðmælendur. Til þess að vernda auðkenni þeirra er notast við dulnefnin V1-V8. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir viðmælendur.

Tafla 1

Yfirlit yfir viðmælendur

Dulnefni	Tegund fyrirtækis	Hlutverk	Lengd viðtals
V1	Fjármálafyrirtæki	Sérfræðingur	51:53
V2	Alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki	Sérfræðingur	42:08
V3	Alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki	Sérfræðingur	1:04:16
V4	Alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki	Sérfræðingur	56:13
V5	Fjármálafyrirtæki	Sérfræðingur	49:18
V6	Opinber aðili	Sérfræðingur	1:38:09
V7	Fjármálafyrirtæki	Sérfræðingur	1:02:57
V8	Ráðgjafafyrirtæki	Sérfræðingur	54:25

3.3 Takmarkanir

Eigindlegar rannsóknir hafa ekki alhæfingargildi heldur gefa aðeins vísbendingar um rannsóknarefnið (Taylor og Bogdan, 1998). Í þessari tilgreindu rannsókn er þýðið átta viðmælendur sem hefur takmarkandi þýðingu fyrir niðurstöðurnar. Eins verður að hafa í huga að viðmælendur starfa annars vegar hjá stórum fjármálafyrirtækjum og hins vegar sem ráðgjafar þrátt fyrir að hafa flestir reynslu af málaflokknum sem fyrrum starfsmenn fjármálafyrirtækja. Meirihluti viðmælenda er því núverandi eða fyrrverandi starfsmenn fyrirtækja sem falla undir lögbundna skyldu til að miðla sjálfbærniupplýsingum á grundvelli ársreikningalaga.

4 Niðurstöður

Í grein þessari er fjallað um þrjú meginþemu í niðurstöðu rannsóknarinnar. Fyrsta þemað er reynslan af löggjöfinni og af lögbundnu eftirliti með upplýsingagjöfinni, annað þemað er aðrir hvatar og áhrifaþættir að baki sjálfbærniupplýsingagjöf og þriðja þemað er áhrif sjálfbærniupplýsingagjafar á rekstur og starfsemi fyrirtækja.

4.1 Reynslan af löggjöfinni og af lögbundnu eftirliti með henni

Hér er fjallað um reynsluna af lagalegri umgjörð sjálfbærniupplýsinga, þ.e. nýju ákvæði 66.d í ársreikningalögum sem innleiddi tilskipun Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf og af lögbundnu eftirliti með upplýsingagjöfinni en Ársreikningaskrá annast eftirlit með upplýsingunum, rétt eins og með ársreikningum á grundvelli sömu laga.

Innleiðing lögbundinnar skyldu til að miðla sjálfbærniupplýsingum hafði ákveðin áhrif á fyrirtækin í upphafi. Hún kom þeim sumum hverjum af stað og hjálpaði til með að færa málaflökkinn nær fjármálastjórum, regluvörðum og endurskoðendum. V8 nefndi að áður en sjálfbærniupplýsingagjöf hafi orðið skyldubundin með innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslegar upplýsingar hafi einstaka fyrirtæki verið byrjuð að fikra sig áfram í málaflökknum en um leið og upplýsingagjöfin hafi orðið að lögbundinni skyldu hafi mátt merkja talsverða breytingu á fyrirtækjum og haghöfum þeirra. Þrátt fyrir að lagasetningin hafi verið fyrsta skrefið hafi fleiri þættir haft áhrif þar á, ekki síst mikil umræða um loftslagsbreytingar og þau sjáanlegu áhrif sem þær hafa á samfélagið. V3 nefndi að lagaskyldan hafi orðið til þess að nýir aðilar hafi komið fram innan fyrirtækja sem hefðu áhuga og áhyggjur af upplýsingagjöf sinna fyrirtækja. Þannig hafi orðið til ákveðnir kyndilberar fyrir sjálfbærniþegferð fyrirtækja sem hafi hjálpað til við að koma sjálfbærni á dagskrá. V7 nefnir að þegar laga-skyldan tók gildi hafi það hjálpað til við að afla sjálfbærniupplýsingagjöf fylgis innan fyrirtækisins:

„Þarna var hægt að segja „heyrdú, nú er þetta bara komið inn í ársreikningalög“ þegar maður var að tala við fólk hérna og það hjálpaði við að beita þrýstingi innanhúss, að geta sagt að nú væri þetta ekki val lengur og að þetta væri ekki bara ég að fá að dunda í mínu áhugamáli.“

Lagasetningin ein og sér hafi hins vegar ekki virkað sem hvati til að vinna vel að upplýsingagjöfinni, þar væru fyrirtæki mun háðari öðrum áhrifaþáttum. Ástæðan fyrir þessu væri fyrst og fremst sú að lögin væru óskýr og veittu fyrirtækjum mikið svigrúm í sinni upplýsingagjöf. Afleiðing þess væri að fyrirtæki styddust við fjölmarga staðla og leiðbeiningar og því væri lítið samræmi í upplýsingagjöfinni. Þessir staðlar hafi meiri áhrif og þýðingu fyrir sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja heldur en lagaskyldan. V1 og V2 nefndu að lítið væri til þess hvað samkeppnisáðilar væru að gera í sinni upplýsingagjöf og við hvaða sjálfbærniþegferðir væru. Mestu skipti þó að val á sjálfbærniþegferðum uppfalli þá kröfu að skapa virði fyrir viðskiptavinum og fjárfesta. V3 benti á að þrátt fyrir að löggjöfin hefði einhver áhrif þá skipti meira máli að skýrslurnar uppfylltu alþjóðlegar kröfur, viðmið og leiðbeiningar „því þessi alþjóðlegu viðmið eru miklu réttþærri hjá okkur en þessi lagagrein“ og bætti við að löggjöfin hefði því ekki mikið vægi í ferlinu sökum þess að „við sem sérfræðingar vitum að þetta lagaákvæði er ekki gott og ekki í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar og sjálfbærniþegferðir“. V1 sagði:

„Ef við tölum ekki um þetta fyrirtæki heldur bara almennt og ég hef skoðað mikið af ársreikningum og svona og þá sér maður þessa klausu afgreidda frekar fljótt. Ég hef verið að sjá að fyrirtæki eru að birta sjálfbærniáhrif og svo er þessi grein 66.d. afgreidd í nokkrum línunum. Ég held að markaðurinn fyrir skráðu fyrirtækunum allavega sé kominn mun lengra en þessi lagagrein er að fjalla um.“

Lagaskyldan setti líka sjálfbærni á dagskrá hjá fleiri haghöfum fyrirtækja en áður og því hafa fleiri skoðun á upplýsingagjöfni, hvernig hún er unnin og hvort hún tali til réttara aðila og þetta hafi haft áhrif á gæði sjálfbærniupplýsinga. Lagaskyldan hefði til að mynda hvatt stofnanafjórfa til að nýta sjálfbærniupplýsingar við fjárfestingaákvörðanir sem hefði svo haft talsvert kveðjuverkandi áhrif á aðra haghafa.

Gildissvið laganna og óskýrleiki þeirra hefur að mati viðmælenda haft í för með sér ákveðið misvægi á milli ólíkra gerða fyrirtækja þar sem stærstu fyrirtækin hafi náð bestum tókum á upplýsingagerðinni en mikið verk sé enn óunnið hjá öðrum og sér í lagi minni óskráðum fyrirtækjum. Þetta er að mati viðmælenda afar óheppilegt því sjálfbærniupplýsingar þjóni ekki markmiði sínu ef þær eru ekki samanburðarhæfar. Eigi upplýsingarnar að gagnast haghöfum við ákvarðanatöku, svo sem fjárfestum við að ákvarða fjárfestingakosti, þá þurfi upplýsingarnar að vera samanburðarhæfar á milli fyrirtækja. Lögunum takist ekki að koma á sameiginlegu tungutaki sjálfbærniupplýsinga og því leiti fyrirtæki í staðla, viðmið og sjálfbærnisvísa sem dugi fyrirtækjunum til að ná markmiði upplýsingagjafarinnar. Þetta geri samanburðinn erfiðan en einnig flæki þetta eftirlit hins opinbera með upplýsingunum. Í því samhengi er áhugavert að benda á að aðeins einn viðmælenda hafði litið til leiðbeininga Evrópusambandsins um gerð sjálfbærniupplýsinga í sinni vinnu en þær leiðbeiningar mynda grundvöll eftirlits Ársreikningaskrár með sjálfbærniupplýsingum.

Viðmælendur nefndu allir að eftirlit hins opinbera væri lykilþáttur í skilvirkri framkvæmd upplýsingagjafar um sjálfbærni. V4 benti á að erlendis væri mikil áhersla lögð á að uppfylla áhersluþætti eftirlitsaðilans. „Það eru alltaf allir á tánum varðandi eftirlitið á Norðurlöndum en ekki hér“. Það er samhljómur á meðal viðmælenda um að eftirlitið þurfi að styrkja verulega, bæði með fjármagni og mannauði, því það þurfi að vera álíka skilvirkt og eftirlit með fjárhagslegum upplýsingum fyrirtækja. „Ég hef fundið fyrir því hjá eftirlitinu að skilningurinn hefur stigmagnast ár frá ári og þau hafa verið viljug í að læra og við höfum talað saman og reynt að byggja upp sameiginlegan skilning á því um hvað þetta snýst“, nefndi V3. Þá nefndi V6 að eftirlitsaðilarnir væru enn að læra og byggja upp þekkingu á málaflokknum.

Viðmælendur tala einum rómi um mikilvægi þess að endurskoða löggjöfina, eigi hún að virka sem raunverulegt stjórnæki. V2 nefndi að það væri mikilvægt að hefja vinnu við að skerpa á löggjöfni varðandi málaflokkinn í heild sinni:

„Við sáum til dæmis hversu mikið breyttist þegar lögin kváðu á um skyldu um jafnlaunavottun, þá gjörbreyttist þessi bransi. Ímyndum okkur að sett yrðu ákvæði í lög um kolefnishlutleysi sem myndu með skýrum hætti kveða á um skyldu til að mæla, minnka og jafna losun kolefnis, þá myndi þetta landslag gjörbreytast til hins bera. Þannig að lagaramminn skiptir miklu máli.“

Allir viðmælendur eru sammála að Ísland sé eftirbátur annarra samanburðarhæfra landa á sviði sjálfbærniupplýsinga. Nokkrar ástæður eru nefndar fyrir því, fyrst og fremst smæð landsins og þeirra fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði. Þá hafi tilskipun Evrópusambandsins verið innleidd seinna á Íslandi en í öðrum löndum og lítil menning verið fyrir sjálfbærniupplýsingagerð í íslenskum fyrirtækjum. Þau hafi jafnframt ekki fengið mikinn tíma til að aðlagast regluverkinu og því þurft að hefja upplýsingagerðina án þess að hafa umfangsmikla sjálfbærnisögu að segja. Þannig hafi mörg fyrirtæki í raun byrjað á röngum enda, fyrst hafi komið lögbundin krafa um að miðla sjálfbærniupplýsingum og í framhaldinu hafi fyrirtæki þurft að hefja vinnu við að innleiða sjálfbærni í reksturinn. Þá hafi lítil áhersla verið hjá hinu opinbera hjá málaflokknum, skort hafi á upplýsingaflæði og leiðbeiningar í tengslum við lagasetninguna og allt hafi þetta gert það að verkum að íslensk fyrirtæki eigi heilt yfir frekar langt í land í alþjóðlegum samanburði.

4.2 Aðrir áhrifaþættir og hvatar að baki upplýsingagjöfni

Rannsóknargögnin benda til þess að þrátt fyrir að hlítu við lög sé vissulega til staðar sem hvati fyrir miðlun sjálfbærniupplýsinga sé mengi hvata mun stærra en svo. Þá benda gögnin til þess

að hvatarnir hafi þróast umtalsvert á stuttum tíma. Í þessu samhengi nefnir V8 að lagaskyldan hafi verið upphafið en í dag séu aðrir hvatar að baki upplýsingagjöfinni ráðandi. V3 nefnir að fyrirtækin séu í eltingaleik við aðrar þjóðir í skýrslugerðinni sjálfri og séu farin að finna fyrir þrýstingi í þeim þætti en nái ekki að vinna þá vinnu sem skipti mestu máli, þ.e. að tengja sjálfbærni við viðskiptalíkanið. Hann bendir á talsverðan aðstöðumun tengdum stærð fyrirtækja þar sem minni fyrirtæki finni ekki fyrir haghafaþrýstingi í allri virðisreðjunni eins og mörg stærri fyrirtæki og sér í lagi erlend fyrirtæki og hafi því ekki sama hvata til að leggja áherslu á sjálfbærni í rekstri sínum.

Allir viðmælendur nefna að þrýstingur frá ólíkum haghöfum sé sterkasti hvatinn við gerð sjálfbærniupplýsinga og sá þáttur sem hafi mest áhrif á gæði þeirra og umfang. Sérstaklega hafi þrýstingur frá fjármálakerfinu og fjárfestum haft mikil áhrif. V1 benti á að þrýstingur frá fjármálakerfinu hafi aukist verulega á fáum árum og bendir á vöxt grænnar skuldabréfaútgáfu á heimsvísu: „Það er kannski góður mælikvarði á hvernig þetta hefur breyst frá hlið fjármála-geirans.“

V8 nefndi að aðgangur að fjármagni sé þáttur sem sé farinn að hafa talsverð áhrif á fyrirtæki þegar kemur að því að miðla sjálfbærniupplýsingum. Þrýstingurinn frá fjölbreyttum hópi fjárfesta og fjármögnunaraðila geri það að verkum að fyrirtæki þurfi að hafa upplýsingar um kolefnisfótspor sitt, markmið, stefnumótun og þýðingu UFS þátta. V1 nefndi að fyrirtæki með grænar fjármálaafurðir komist ekki upp með annað en að hafa sterkar og samanburðarhæfar sjálfbærniupplýsingar á reiðum höndum. Í því samhengi nefnir hann sérstaklega græna skuldabréfaútgáfu fyrirtækisins:

„Í því tilviki fengum við fullt af nýjum fjárfestum sem eru sérstaklega að horfa á sjálfbærni í sínum fjárfestingum og ef við hefðum ekki verið með viðeigandi upplýsingar eða upplýsingarnar endurskoðaðar eða ef það hefði verið eitthvað spurningarmerki þá er það rautt flagg hjá þessum fjárfestum. Og við fengum gífurlega góð kjör á þessu bréfi til dæmis og stærra fjárfestamengi og þrefalda eftirspurn. Þannig að það var mjög gott að við vorum með þessar upplýsingar á reiðum höndum. Ef við ætlum að halda áfram að sækja svona fjármagn þá er auðvitað það hvati fyrir okkur til að halda á öllum upplýsingum þannig að ég myndi segja að núna sé upplýsingagjöf til fjárfesta og almennings knúin áfram að þrýstingi frá þessum aðilum.“

V7 tekur undir þetta og nefnir sérstaklega erlenda haghafa í þessu sambandi: „Við erum með erlenda fjárfesta sem eru að taka okkur út, svo og reitunaraðila. Við viljum því veita sjálfbærniupplýsingar sem uppfylla alþjóðlegar kröfur.“ Hann nefnir að erlendir haghafar leggi ríka áherslu á að fyrirtækið sé aðili að alþjóðlegum skuldbindingum og vinni sínar upplýsingar á grundvelli bestu framkvæmdar. Þá þurfi fyrirtækið að sýna framþróun á milli ára. Fleiri viðmælendur taka í sama streng og nefna meðal annars að fyrirtæki með erlend tengsl hafa aðra haghafa – fjárfesta, greiningaraðila og viðskiptavini. Þau fyrirtæki sem hafi rík erlend tengsl séu oftast en ekki þau fyrirtæki sem standi sig best í sjálfbærniupplýsingagerð. Það sé beintengt þeim þrýstingi sem erlendir haghafar beiti. V2 lítur í baksýnispegilinn í þessu samhengi:

„Ég man alltaf þegar ég var að byrja á þessu [...] þá var oft spurt um hvað við værum að gera í UFS og þess háttar og einn af okkur í teyminu fór að tala um hvað við vorum dugleg að flokka rusl og vera virk í samfélaginu og styðja íþróttastarf og þessir erlendu aðilar horfðu bara á okkur eins og við værum hálfvitar og þarna sá ég bara að við þurftum að fara að spýta í lófana og þá fór í gang einhver ákveðin atburðarás sem gekk vel á endanum en þetta var rosaleg barátta fyrst. Við þurftum að leggja mikla vinnu í að útskýra af hverju þetta skipti máli en það var ekki fyrr en útlendingarnir voru farnir að pressa á okkur að við sáum að þetta var bara virkilega að skipta máli og þá fóru hlutirnir að breytast en það var engin krafa innanlands“.

V7 minnst á að eftir því sem alþjóðleg tengsl fyrirtækisins hafi aukist hafi verið áberandi hversu ríkari kröfur fyrirtækið hafi þurft að uppfylla til þess að standast samanburðinn við erlend fyrirtæki.

Margir viðmælendur nefna rekstrarlegar forsendur á borð við fjárhagslegan ávinning sem þýðingarmikinn hvata við gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga. Er bent á að um leið og stjórnendur fyrirtækja sjái viðskiptalegar forsendur og fjárhagslegan ávinning af gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga þá hafi það bein áhrif á gæði og umfang upplýsinganna enda sé þá líklegra að nægum auðlindum sé beint að því að reyna að skilja upplýsingarnar og þýðingu þeirra og gera þær vel úr garði. Það sé þá líklegra til að færa málaflökkinn nær fjármálastjórninni því ef fjármálastjórar sjái ekki viðskiptalegar forsendur í sjálfbærnivegferð séu ekki miklar líkur á að þeir séu tilbúnir að samþykkja mikinn kostnað í vinnuna. V1 og V2 nefna báðir að reynslan sýni þeim að beinn fjárhagslegur ávinningur sé af þeim sjálfbærniupplýsingum sem fyrirtæki þeirra miðla. Hann lýsi sér meðal annars í betri kjörum á fjármagni og það virki sem hvati til að vinna upplýsingarnar vel og fá þær endurskoðaðar. V3 bendir á mikilvægi þess að stjórnendur skilji að fjárfesting í verkefnum sem tengjast sjálfbærnivegferð fyrirtækja, og miðlun upplýsinga um þau, sé langtímafjárfesting sem muni skila sér til lengri tíma. Flestir viðmælendur nefna að eitthvert jafnvægi þurfi að vera á milli kostnaðar og ávinnings en að jafnaði feli sá kostnaður sem hlýst af gerð sjálfbærniupplýsinga ekki í sér verulegar hindranir, og þá sérstaklega ekki í tilvikum stærri og alþjóðlegri fyrirtækja.

Þá nefna viðmælendur einnig samkeppni, markaðstækifæri og almannatengsl sem ríkjandi hvata, sérstaklega hjá fyrirtækjum á innanlandsmarkaði. Sterkar og áhugaverðar sjálfbærni-sögur geti haft hvetjandi áhrif á samkeppnisaðila og að fyrirtæki séu líkleg til að elta þá sem eru að gera hlutina vel og þannig hafi samkeppnisþátturinn alltaf nokkuð vægi. Flestir viðmælendur segjast fylgjast vel með samkeppnisaðilunum og gæti þess að standa þeim jafnfætis. Þeim mun betur sem samkeppnisaðilinn standi sig í sinni upplýsingagjöf þeim mun meiri líkur séu á að önnur fyrirtæki elti. Þá nefna viðmælendur einnig að minni fyrirtæki sjái oftast en ekki markaðstækifæri í sjálfbærniupplýsingum og nýti aðrar leiðir til að miðla þeim, svo sem í gegnum samfélagsmiðla eða fjölmiðla eða með auglýsingum. Þessar upplýsingar séu umfram annað atvikaþing og byggja á einhverju sem vel hafi verið gert í fyrirtækinu eða tengist umræðu hverju sinni. Þá hafi það áhrif þegar einstök fyrirtæki á markaði komi fram og taki sér stöðu á markaði sem kyndilberar sjálfbærni og um leið og það skapi samkeppnisforskot þá virki það sem hvati fyrir önnur fyrirtæki til að leggja áherslu á sjálfbærni og miðla upplýsingum um þætti í þeirri vegferð sem hluta af markaðssetningu.

Nokkrir viðmælendur nefna orðsporsáhættu sem hvata til að miðla sjálfbærniupplýsingum. Sjálfbærniupplýsingar sem segi góða sjálfbærnisögu skapi rými fyrir fyrirtæki í markaðssetningu og ásýndarvinnu. Í því samhengi nefnir V2 til að mynda að fyrirtæki sem fari í gegnum orðsporshnekkni eða hneykslismál, til dæmis vegna erfiðrar fjölmiðlaumfjöllunar, séu líklegri til að leggja áherslu á stefnur og verklagsreglur til að koma í veg fyrir að slík atvik endurtaki sig. Þá er nefnt að víða sé að eiga sér stað umræða um áreiðanleikakannanir í virðisreðu fyrir-tækja sem séu stundum orðnar langar og flóknar og fyrirtæki sem starfa á alþjóðavettvangi vilji ekki að upp komi áskanir um að framleiðsla þeirra á vörum styðjist við barnaþrælkun, brjót gegn mannréttindum eða innihaldi spillingu og mútur. Í þessu samhengi er einnig nefnt að Metoo byltingin hafi haft sín áhrif því fyrirtæki vilji ekki þurfa að takast á við erfið mál tengd kynferðislegri áreitni, bágrri framkomu við starfsfólk og lélega stjórnarhætti.

4.3 Áhrif sjálfbærniupplýsingagjafar á rekstur og starfsemi fyrirtækja

Rannsóknin gefur til kynna að gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga geti haft margþætt bein og óbein áhrif á rekstur og starfsemi fyrirtækja. Fyrstu 1-2 ár fyrirtækja í upplýsingagerðinni hafi umfram annað farið í að skilja lagaumhverfið og áhersla verið á efni og framsetningu sjálfbærniupplýsinga í skýrslum. Í framhaldinu hafi fyrirtæki sett sjálfbærni á dagskrá í auknum mæli og farið að vinna að því að innleiða sjálfbærni í viðskiptamódel, stefnumótun, stjórnar-

hætti og vinnustaðamenningu. V4 bendir á mikilvægi þess að sýna framgang og árangur í sjálfbærniþróun fyrirtækja. Sjálfbærniupplýsingar verði að gefa sterka mynd af því hvernig fyrirtækjum gengur að vinna með sjálfbærni í allri grunnstarfsemi sinni, hvernig þeim takist að vinna að sjálfbærri verðmætasköpun og að hvert ár eigi að sýna framgang og aukinn metnað. Allir viðmælendur eru sammála um að sjálfbærniupplýsingar eigi að fjalla um þau áhrif sem sjálfbærni hafi á rekstur þeirra fyrirtækja sem segi frá sinni þróun.

Flestir viðmælendur nefna að sjálfbærniupplýsingar hafi bein áhrif á rekstrarlegar forsendur fyrirtækjanna. Upplýsingarnar séu sífellt að leika stærra hlutverk í fjármögnun fyrirtækja, þeim kjörum sem bjóðist og valkostum tengdum fjármögnun. V7 nefnir að sitt fyrirtæki sé fjármagnað með grænum fjármálalagningum og vöruframboðið sé byggt á grænum ramma og því hafi sjálfbærniupplýsingarnar umtalsvert gildi. Þá nefna viðmælendur einnig að sjálfbærniupplýsingar geti haft áhrif á viðskiptavinum og þar með veltu fyrirtækjanna. V3 nefnir að neytendur valdeflist við aðgengi að sjálfbærniupplýsingum og hafi því meiri möguleika á að gefa sjálfbærni meiri gaum í vali sínu á þeim fyrirtækjum sem þeir stunda viðskipti við. Neytendur séu sífellt að verða mikilvægari haghafar sjálfbærniupplýsinga og nefnir að í þessu felist samkeppnisforskipti fyrir þau fyrirtæki sem standi sig vel í að miðla sjálfbærniupplýsingum en um leið hafi það neikvæð áhrif á rekstur samkeppnisaðila sem standi sig síður í málaflokknum. V2 minnst á aukinn kostnað vegna losunar gróðurhúsalofttegunda í tengslum við auknar skuldbindingar ríkisins um samdrátt í losun og markmið um kolefnishlutleysi sem verði ekki náð án þess að fyrirtæki nái verulegum árangri í að draga úr losun. Stjórnstæði ríkisins, svo sem viðskiptakerfi með losunarheimildir, skattlagning og gjaldtaka, ívilnanir og hvatakerfi hafi bein áhrif á afkomumöguleika fyrirtækja. Það borgi sig alltaf að vera með umhverfisvæna starfsemi. Því hafi til dæmis upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda verulega þýðingu. Útreikningar þurfi að vera nákvæmir og fjalla um það með skýrum hætti hvort þeir nái utan um alla kjarnastarfsemi auk þess sem þeir þurfi að vera staðfestir með trúverðugum hætti.

„Ég held að fjármálastjórnarnir séu að fara að koma inn í þetta miklu meira því þetta mun hafa bein fjárhagsleg áhrif og íslenska ríkið mun tapa ef fyrirtækin eru að gera þetta vitlaust því við munum bara fá þetta beint í hausinn ef uppgjörið er vitlaust.“

Þá nefna flestir viðmælendur að sjálfbærniupplýsingagjöf hafi haft áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja. V2 áréttar mikilvægi þess að eignarhaldið á sjálfbærniupplýsingum sé ofarlega í stjórnskipulagi fyrirtækisins og þurfi að vera nálægt fjármálastjóra þess. Hann, eins og allir aðrir viðmælendur minnst á að hugtakanotkun laganna, þar sem alltaf er vísað til upplýsinganna sem „ófjárhagslegar upplýsingar“, en það hugtak hafi verið óheppilegt og þvælst fyrir staðsetningu málaflokksins sem þurfi að vera nálægt fjármálastjórnuninni:

„Ég er alltaf svo á móti þessu hugtaki því þetta eru bara upplýsingar tengdar grunnrekstri fyrirtækisins og það dregur úr gildi þeirra að kalla þær ófjárhagslegar upplýsingar því fjármálastjórnin er alltaf bara með fjárhagslegu upplýsingarnar og svo er einhver annar með þetta, oft einhver í markaðsdeildinni eða mannauðsdeildinni og oft bara utanaðkomandi ráðgjafi, og hann kemur inn og gerir alla skýrsluna og það er eiginlega verst því þá á fyrirtækið ekkert eignarhald þarna. Við viljum sjá að við gerum þetta saman, uppgjörið er saman, ófjárhagslegu upplýsingarnar eru við hlið fjárhagslegu upplýsinganna, fjármálastjórnin kynnir þetta, forstjórnin skrifar upp á, stjórnin fer yfir þetta og skrifar upp á þetta og allt fyrirtækið er á bak við þetta og þá verður þetta alvöru“.

V3 nefnir að sífellt fleiri fyrirtæki vinni að því við að færa ábyrgð á sjálfbærnimálum ofar í stjórnendalögin og nefnir nauðsyn þess að eignarhald málaflokksins sé skýrt og það séu tilgreindir aðilar í stjórnskipulagi fyrirtækisins ábyrgir fyrir sjálfbærnimálum og tekur dæmi:

„Ein leið er að forstjóri á verkefnið og svo eru bara þrír framkvæmdastjórar, hver ábyrgur fyrir U, F og S.“ V5 nefnir að þeirra sjálfbærnivegferð hafi stutt við áherslur á góðum stjórnarháttum og V8 leggur áherslu á að það sé lykilatíði að sjálfbærnivegferðin njóti stuðnings og helgunar hjá yfirstjórn og forstjóra. V7 bendir á mikilvægi þess að stjórnin fái beint við málaflokkinn:

„Við erum búin að vera með stýrihóp og ætlum að setja nefnd ofar í skipulaginu sem þarf þá að reportera beint til stjórnar. Þetta verður nær stjórn, eins og við erum að breyta þessu núna þannig að þetta verður að vera bæði top-down og bottom-up til að þetta virki.“

Talsverður samhljómur er á milli viðmælenda um að upplýsingagjöf um sjálfbærni hafi haft áhrif á stefnumótun innan fyrirtækjanna. V1 nefnir að lagaskyldan hafi þrýst málaflöknum inn í stefnumótun fyrirtækisins þar sem hún sé nú orðin að órjúfanlegum hluta hennar. Sjálfbærnistefna fyrirtækisins sé samofni sjálfbærniupplýsingunum enda sé þar meðal annars fjallað um ábyrgar fjárfestingar og ábyrgar lánveitingar. V3 nefnir að það sé ekkert til sem heiti stefnumótun ef ekki sé verið að taka tillit til sjálfbærnimála og þar skipti máli að þeir starfsmenn sem annist stefnumótun vinni náð með þeim starfsmönnum sem vinni með sjálfbærnimálin. V5 tekur undir þetta og leggur áherslu á breiða þátttöku starfsmanna í stefnumótunavinnu út frá sjálfbærni. Hann nefnir til dæmis að haldnar séu vinnustofur með aðkomu allra starfsmanna þar sem verið sé að fjalla um sjálfbærnitengd mál, svo sem heimsmarkmiðin, og að sjálfbærniupplýsingar „hafa einfaldlega haft mjög mikil áhrif á stefnumótun hjá okkur.“ V7 tekur í sama streng og nefnir sem dæmi að jafnréttisstefna fyrirtækisins hafi þróast út í að tengja saman mannréttindi og jafnréttismál sem væri bein afleiðing af sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækisins og bætir við: „þetta hefur alveg rosaleg áhrif á allt í fyrirtækinu í raun sem er einfaldlega mjög jákvætt“. Viðmælendur nefna í þessu samhengi einnig að innleiðing sjálfbærni í stefnumótun fyrirtækjanna auki á langtímahugsun þeirra. V1 nefnir að í sjálfbærnistefnu fyrirtækisins hafi sérstaklega verið fjallað um aukna áherslu á sjálfbærni af því að fyrirtækið sé að huga að langtímahagsmunum viðskiptavina. V3 bendir á að sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja séu oft góður mælikvarði á langtímahugsun stjórnenda. Séu fyrirtæki ekki markvisst að vinna að innleiðingu sjálfbærni í rekstrinum þá sé einfaldlega ekki til staðar langtímahugsun í fyrirtækinu. V5 tilgreinir nokkur lykilaðhrif af sjálfbærniupplýsingagjöf, bæði varðandi rekstur innanhúss, þróun mannauðs en auk þess hafi það „hjálpað við að auka nýjum víddum við langtímahugsun á eignasöfnum þar sem aðferðafræðin er sjálfbærniyrni í gegnum UFS þræðina og samþætting í gegnum fjárfestingarstefnuna“.

Annar áhrifaþáttur sem kemur sameiginlega fram hjá viðmælendum snýr að vinnustaðamenningu fyrirtækjanna. Fyrirtækin miðli sjálfbærniupplýsingunum ekki aðeins með ytri hætti heldur einnig inn á við. Upplýsingamiðlunin sé margvísleg, bæði í gegnum skipulagða fræðslu og vinnustofur en einnig með minniháttar staðbundnum ábendingum, til dæmis um kolefnisfótspor matvæla í mötuneyti. Þessi upplýsingagjöf hafi áhrif á venjur og siði á vinnustaðnum og háttsemi starfsmanna sem skapi vinnustaðamenningu og þau áhrif séu mjög jákvæð. V7 bendir á að engin ein manneskja í fyrirtækinu geti knúið fram sjálfbærnivegferð fyrirtækja „heldur náttúrulega menningin og svo er ólík menning eftir sviðum og allt það“. V7 talar um að menningin í hans fyrirtæki sé mjög lituð af sjálfbærni:

„Þetta tengist allt því að við erum alltaf að horfa til umhverfisáhrifanna, sama í hverju það er, og jafnréttismála og þetta vita bara allir. Við erum að birta upplýsingar um fjölda tilfella ef það eru einhver eineltismál tilkynnt reglulega til dæmis og allt þetta mjög ítarlega niður á flokka, kynjaskiptingu og annað og þetta er opinbert fyrir starfsfólkið líka.“

V7 nefnir að það gleymist stundum að starfsfólkið sjálft sé einnig hluti af þeim hópi sem skoði og noti sjálfbærniupplýsingar fyrirtækisins. „Þetta hefur allt áhrif á daglegt líf fólks þegar það mætir í vinnuna, fer á milli funda og fer heim.“ Hann nefnir að það sé grundvallaratriði að

innleiða sjálfbærnihugsunina með sterkum hætti í vinnustaðamenninguna, það vekir áhuga starfsfólks á málaflokknum og fyrir vikið verði sjálfbærnivegferðin mun auðveldari. V7 segir:

„Þetta síaðist inn hægt og rólega og maður fann hvernig starfsfólkið var farið að hafa áhuga á þessu og kannski þess vegna svona aðeins inn á við í upphafi og fórum að taka allt í gegn í rekstrinum og svo er þetta bara búið að smitast út í vörurnar og smitast út í fjármögnunina en fólk þarf að hafa áhuga á þessu sjálft til að þetta gangi upp.“

V5 tekur í sama streng og áréttar mikilvægi þess að allir starfsmenn taki þátt í að móta sjálfbærnivegferðina. Starfsmenn þurfi að koma saman og velja því upp hvar sé hægt að innleiða sjálfbærni í daglega starfsemi fyrirtækisins og að með því að vinna þess háttar vinnu með öllum starfsmönnum skapist sterkt sameiginlegt eignarhald allra á sjálfbærnivegferðinni. Þannig skapist vinnustaðamenning sem styðji við sjálfbærni í flestum öngum fyrirtækjanna.

5 Umræða og lokaorð

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þá reynslu sem hlotist hefur af innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf á Íslandi. Þá leitast rannsóknin við að greina þau áhrif sem löggjöfin hefur haft á íslensk fyrirtæki í samhengi við aðra áhrifaþætti sem gegna hlutverki í sjálfbærnivegferð fyrirtækja en með því má varpa ljósi á helstu þætti sem hafa þýðingu fyrir gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga enda veitir löggjöfin fyrirtækjum umtalsvert sigrúm í upplýsingagerðinni. Á grundvelli þessa markmiðs leitast rannsóknin við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hver er upplifun sérfræðinga sem vinna að gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga af innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um ófjárhagslega upplýsingagjöf, hvaða áhrif hefur hún haft á rekstur og starfsemi íslenskra fyrirtækja og hvaða aðrir áhrifaþættir og hvatar hafa þýðingu gagnvart umfangi og gæðum sjálfbærniupplýsinga þeirra?

Í stuttu máli má segja að rannsóknin gefi vísbendingar um að löggjöfin hafi verið gagnlegt stjórnæki til að efla sjálfbærniþing fyrirtækja og að hún hafi leikið hlutverk í sjálfbærnivegferð þeirra. Hins vegar gefur rannsóknin vísbendingar um að núgildandi lagaumhverfi of opið og óljóst og nái mögulega ekki tilgangi sínum enda séu fjölmargir aðrir þættir sem hafi meiri áhrif á gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga sem þau veita. Þrátt fyrir það geti skyldubundin sjálfbærniupplýsingagjöf haft fjölþætt áhrif á starfsemi og rekstur fyrirtækja.

Rannsóknin gefur til kynna að lög geti verið mikilvægt stjórnæki sem stuðlar að því að fyrirtæki hugi að sjálfbærni í rekstri sínum sem fellur að niðurstöðum Aureli o.fl. (2020) og Ottenstein o.fl. (2021) hvað þann þátt varðar. Þrátt fyrir að hlítu við lagaskyldu sé mikilvægur hvati fyrir sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja veitir rannsóknin vísbendingar um að fleiri þættir hafi áhrif á umfang, efni og gæði upplýsinganna. Rannsóknin styður því að hluta til við niðurstöður Posadas o.fl. (2023) sem sýndi að innleiðing lagaskyldu um miðlun sjálfbærniupplýsinga hefði umfram annað áhrif á fjölda sjálfbærniupplýsinga en ekki gæði upplýsinganna. Þá bendir rannsóknin til þess að lagaleg umgjörð upplýsingagjafar um sjálfbærni á Íslandi sé óviðunandi. Lögin veiti fyrirtækjum of mikið svigrúm til að ákvarða efni og umfang upplýsinganna og því verði alþjóðleg viðmið að mikilvægari þætti í gerð upplýsinganna en löggjöfin. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja verða ólíkar og því erfitt að bera þær saman.

Allir viðmælendur í rannsókninni nefndu með einum eða öðrum hætti áhrif haghafa á upplýsingagjöfina, sér í lagi fjárfesta og fjármögnunaraðila en einnig hluthafa, viðskiptavinum, greiningar- og reitunaraðila. Af rannsókninni má því ráða að haghafar, sér í lagi fjárfestar, fjármögnunaraðilar, greiningaraðilar og viðskiptavinir, séu í lykilstöðu til að hafa áhrif á sjálfbærniupplýsingar og hafi því í raun talsverða þýðingu fyrir sjálfbærnivegferð fyrirtækja. Rannsóknin styður þannig niðurstöður Carmo o.fl. (2022) og Quian o.fl. (2020) um að þrýstingur frá haghöfum, svo sem hluthöfum, viðskiptavinum og fjármögnunaraðilum séu meginhvatar að baki

gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga. Aðrir hvataþættir sem rannsóknin sýnir snúa að hegðun samkeppnisaðila og markaðstækifærum. Þá gefur rannsóknin vísbendingar um að stærri fyrirtæki með erlendar tengingar, svo sem þau sem starfa á erlendum mörkuðum, lúta erlendu eignarhaldi eða sækja erlent fjármagn séu undirorpinn auknum þrýstingi frá kröfuharðari haghöfum um að tryggja gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga sem samræmist niðurstöðum Christensen o.fl. (2021). Rannsóknin leiðir einnig fram vísbendingar um tengsl milli gæða sjálfbærniupplýsinga og fjárhagslegra hagsmuna, svo sem aðgengi að stærri hópi fjárfesta og betri fjármögnunarkjörum og fellur þannig að rannsóknnum Ng og Rezaee (2015) sem hafa meðal annars bent á að skýr tengsl séu á milli árangurs í ófjárhagslegum þáttum fyrirtækja, svo sem sjálfbærniþáttum, og fjárhagslegs árangurs. Af framangreindu má því draga þá ályktun að sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja stjórnist öðru fremur af haghafa- og lögmætiskenningu.

Rannsóknin gefur enn fremur til kynna að sjálfbærniupplýsingagjöf geti haft margþætt áhrif, bein og óbein, á rekstur og starfsemi fyrirtækja. Helstu áhrifin geti verið aukið aðgengi að fjármagni og hagkvæmari fjármögnun. Eru þær niðurstöður í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna, sem hafa sýnt að aukin upplýsingagjöf geti leitt af sér aukið flæði hlutfjár, lægri fjármagnskostnað, meiri umfjöllun og auknar tekjur (Rezaee og Tuo 2017). Þá getur upplýsingagjöfin einnig haft áhrif á stefnumótun, stjórnarhætti og vinnustaðamenningu og geti þess utan aukið á langtímahugsun fyrirtækja sem rímar við niðurstöður Ioannou og Serafeim (2017).

Rannsóknin bendir til þess að innleiðing lagaskyldu um miðlun upplýsinga um sjálfbærni fyrirtækja hafi haft jákvæð áhrif á fyrirtækin, jafnt sem haghafa þeirra en að íslensk fyrirtæki séu nokkuð á eftir sambærilegum fyrirtækjum í samanburðarhæfum löndum. Þá geti það haft lykilþýðingu að fyrirtæki hefji sjálfbærnivegferðina snemma þannig að þau hafi haft svigrúm til að byggja upp sjálfbærnisögu sem svo sé hægt að miðla í sjálfbærniskýrslum. Þær niðurstöður geta haft þýðingu gagnvart fyrirhugaðri útvíkkun á löggjöf um sjálfbærniupplýsingar með innleiðingu nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar, svokallaðri CSRD-tilskipunar. Það kann því að vera mikilvægt að þau fyrirtæki sem þurfa að miðla sjálfbærniupplýsingum hefji undirbúning snemma, leggi mat á þá haghafa sem hafa mesta hagsmuni af upplýsingagerðinni og mögulegum áhrifum þeirra á upplýsingagerðina. Sjálfbærnivegferð fyrirtækja geti haft bein áhrif á framtíðarheldni þeirra og lykilatriði sé að finna leiðir til þess að samtvinna sjálfbærni í almennt rekstrar- og starfsumhverfi. Málaflokkurinn þurfi að vera staðsettur ofarlega í stjórnendalögum, nálægt fjármálastjórn og lúta skýru eignarhaldi. Með þeim hætti megi efla starfsemi, samkeppnishæfni og framtíðarhorfur þeirra.

Enn fremur benda niðurstöður rannsóknarinnar til þess að hið opinbera geti leikið stærra hlutverk í að tryggja gæði og umfang sjálfbærniupplýsinga. Stjórnvöld verði að marka sér skýrari stefnu í málaflokknum, sýna aukið frumkvæði og efla verulega stjórnsýslu og eftirlit með sjálfbærniupplýsingum til þess að markmið lagasetningarinnar náist. Þá má túlka niðurstöðurnar sem ákall um hraða innleiðingu næstu kynslóðar reglna Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar, CSRD-tilskipunarinnar, enda muni þær reglur svara mörgum áskorunum sem íslensk fyrirtæki mæta við gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga. Árangur íslenskra fyrirtækja í sjálfbærni hefur enda lykilþýðingu fyrir þann árangur sem stjórnvöld hafa skuldbundið sig að þjóða- og Evrópurétti til að ná, ekki hvað síst í loftslagsmálum og skýrari lagarammi geti haft þýðingu gagnvart þeim árangri. Skilningur löggjafans, framkvæmdavalds og stjórnsýslunnar á þeim hvötum sem hafa mesta þýðingu fyrir árangur félaga í sjálfbærni, innsýn í upplifun þeirra af hlutverki og aðkomu stjórnsýslunnar, ekki síst eftirlitsaðila, getur nýst við stefnumótun og lagasetningu í málaflokknum til framtíðar litið. Rannsóknin gefur vísbendingar um að skortur sé á sjálfbærnimenningu í stofnanabundnu skipulagi, sem meðal annars birtist í því Ísland sé eftirbáti annarra þjóða í fjölda og gæðum sjálfbærniskýrslna sem gæti rímað við niðurstöður Uyar o.fl. (2021).

Þrátt fyrir framlag rannsóknarinnar til fræðasviðsins er hún bundin takmörkunum. Sem eiginleg rannsókn hefur hún ekki sterkt alhæfingargildi heldur getur veitt vísbendingar um

rannsóknarefnið. Þá eru viðmælendur átta talsins sem getur haft takmarkanir í för með sér fyrir niðurstöðurnar. Eins kann að hafa þýðingu að þýði rannsóknarinnar eru þeir sem nú þegar vinna við sjálfbærniupplýsingagjöf eða hafa atvinnu að gerð þeirra og kunna því önnur sjónarmið að leynast hjá öðrum haghöfum. Þrátt fyrir það felur rannsóknin í sér framlag til fræðasviðsins en svo gott sem engar ritryndar rannsóknir hafa verið birtar á þessu rannsóknarsviði. Því hefur rannsóknin ákveðið hagnýtt gildi en kann jafnframt að hafa forspárgildi fyrir sjálfbærnivegferðir minni fyrirtækja, sem ekki ber skylda til að veita sjálfbærniupplýsingar í dag en munu þurfa þess í nánni framtíð vegna innleiðingar á næstu kynslóðar löggjafar Evrópusambandsins eða aukins þrýstings haghafa. Áhugavert kynni að vera að útvíkka rannsóknina þannig að hún nái til minni fyrirtækja, sem ekki ber lagaleg skylda til að miðla sjálfbærniupplýsingum og kanna sérstaklega hvort þau fyrirtæki verði fyrir óbeinum áhrifum af sjálfbærniupplýsingagjöf þeirra fyrirtækja sem bundin eru af lögum um sjálfbærniupplýsingar. Þá gæti verið gagnlegt að bera saman ólíka hópa fyrirtækja sem eiga undir gildissvið laganna, svo sem með því að rannsaka sérstaklega fyrirtæki sem skráð eru á markað annars vegar og önnur stór fyrirtæki sem eiga undir löggjöfina hins vegar. Rannsóknin gefur vísbendingar um að fyrrnefndi hópurinn sé kominn lengra í upplýsingagjöf en aðrir hópar sem falla undir gildissvið laganna. Enn fremur mætti rannsaka sérstaklega, og með ítarlegri hætti en rannsókn þessi býður upp á, þau áhrif sem skyldubundin gerð og miðlun sjálfbærniupplýsinga hefur á rekstur og starfsemi fyrirtækja yfir tíma. Þá er regluverkið sífellt á hreyfingu og kunna nýjar lagaskyldur að kalla á athugun á því hvort tengsl laga við framkvæmd upplýsingagjafarinnar breytist og enn fremur hvaða þættir í löggjöfinni það eru sem hafa mestu áhrif þar að lútandi. Eins væri áhugavert að beina rannsókn að viðhorfi haghafa, sér í lagi annarra haghafa en fjárfesta og hluthafa til sjálfbærniupplýsinga, þýðingu þeirra og notagildi. Þá væri mikilvægt að endurtaka rannsóknina eftir að nýjar reglur Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar hafa verið innleiddar í íslensk lög en með þeim hætti gefst tækifæri til að leggja mat á þá þróun sem átt hefur sér stað í sjálfbærniupplýsingagjöf íslenskra fyrirtækja og rýna í þær breytingar sem orðið hafa á hvötum og áhrifaþáttum sem búa að baki upplýsingagjöfinni.

Heimildir

- Ali, I., Lodhia, S., og Narayan, A. K. (2021). Value creation attempts via photographs in sustainability reporting: a legitimacy theory perspective. *Meditari Accountancy Research*, 29(2), 247-263.
- Al-Shaer, H., Albitar, K., og Hussainey, K. (2022). Creating sustainability reports that matter: an investigation of factors behind the narratives. *Journal of Applied Accounting Research*, 23(3), 738-763.
- Aureli, S., Del Baldo, M., Lombardi, R., og Nappo, F. (2020). Nonfinancial reporting regulation and challenges in sustainability disclosure and corporate governance practices. *Business Strategy and the Environment*, 29(6), 2392-2403.
- Benameur, K. B., Mostafa, M. M., Hassanein, A., Shariff, M. Z., og Al-Shattarat, W. (2023). Sustainability reporting scholarly research: a bibliometric review and a future research agenda. *Management Review Quarterly*, 1-44.
- Bose, S. (2020) Evolution of ESG Reporting Frameworks. Í Esty D.C. og Cort, T. (ritstjórar) Values at Work. Palgrave Macmillan, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-030-55613-6_2
- Carmo, C., og Miguéis, M. (2022). Voluntary Sustainability Disclosures in Non-Listed Companies: An Exploratory Study on Motives and Practices. *Sustainability*, 14(12), 7365. MDPI AG. Retrieved from <http://dx.doi.org/10.3390/su14127365>
- Christensen, H. B., Hail, L., og Leuz, C. (2021). Mandatory CSR and sustainability reporting: Economic analysis and literature review. *Review of Accounting Studies*, 26(3), 1176-1248.
- Corbin, J., og Strauss, A. L. (1998). Basics of qualitative research: techniques and procedures for developing grounded theory. Los Angeles: SAGE.
- Dienes, D., Sassen, R., og Fischer, J. (2016). What are the drivers of sustainability reporting? A systematic review. *Sustainability Accounting, Management and Policy Journal*, 7(2), 154-189. <https://doi.org/10.1108/SAMPJ-08-2014-0050>
- Dowling, J., og Pfeffer, J. (1975). Organizational legitimacy: Social values and organizational behavior. *Pacific sociological review*, 18(1), 122-136.
- Eccles, R. G., og Krzus, M. P. (2015). The integrated reporting movement — Meaning, momentum motives, and materiality. Hoboken, NJ: Wiley.

- Evrópusambandið. (2017). Communication from the Commission: Guidelines on non-financial reporting. [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52017XC0705\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:52017XC0705(01))
- Freeman, R. E., og Reed, D. L. (1983). Stockholders and stakeholders: A new perspective on corporate governance. *California management review*, 25(3), 88-106.
- Höllerer, M.A. (2013). From taken-for-granted to explicit commitment: The rise of CSR in a corporatist country. *Journal of Management Studies* 50(4), 573–606.
- Ioannou, I. og Serafeim, G. (2017). The consequences of mandatory corporate sustainability reporting. Harvard Business School Research Working Paper No. 11-100, 156–171.
- KPMG. (2020). *The Time Has Come*. <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/xx/pdf/2020/11/the-time-has-come.pdf>
- KPMG. (2022) *Big Shifts, Small Steps*. <https://assets.kpmg.com/content/dam/kpmg/sg/pdf/2022/10/ssr-small-steps-big-shifts.pdf>
- La Torre, M., Sabelfeld, S., Blomkvist, M., Tarquinio, L. og Dumay, J. (2018). Harmonising non-financial reporting regulation in Europe: Practical forces and projections for future research. *Meditari Accountancy Research*, 26(4), 598-621. <https://doi.org/10.1108/MEDAR-02-2018-0290>
- La Torre, M., Sabelfeld, S., Blomkvist, M., og Dumay, J. (2020). Rebuilding trust: Sustainability and non-financial reporting and the European Union regulation. *Meditari Accountancy Research*, 28(5), 701-725.
- O'Donovan, G. (2002). Environmental disclosures in the annual report. *Accounting, Auditing & Accountability Journal*, 15(3), 344-371.
- Ottenstein, P., Erben, S., Jost, S., Weuster, C.W. and Zülch, H. (2022). "From voluntarism to regulation: effects of Directive 2014/95/EU on sustainability reporting in the EU. *Journal of Applied Accounting Research*, 23(1), 55-98. <https://doi.org/10.1108/JAAR-03-2021-0075>
- Posadas, S. C., Ruiz-Blanco, S., Fernandez-Feijoo, B., og Tarquinio, L. (2023). Institutional isomorphism under the test of Non-financial Reporting Directive. Evidence from Italy and Spain. *Meditari Accountancy Research*, 31(7), 26-48.
- Qian, W., Tilt, C., Dissanayake, D., og Kuruppu, S. (2020). Motivations and impacts of sustainability reporting in the Indo-Pacific region: normative and instrumental stakeholder approaches. *Business Strategy and the Environment*, 29(8), 3370-3384.
- Rezaee, Z. og Tuo, L. (2017). Voluntary disclosure of non-financial information and its association with sustainability performance. *Advances in Accounting*, 39, 47-59, <https://doi.org/10.1016/j.adiac.2017.08.001>
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource. New York: Wiley.
- Turzo, T., Marzi, G., Favino, C., og Terzani, S. (2022). Non-financial reporting research and practice: Lessons from the last decade. *Journal of Cleaner Production*, 345, ISSN 0959-6526. <https://doi.org/10.1016/j.jclepro.2022.131154>
- Uyar, A., Karaman, A. S., og Kilic, M. (2021). Institutional drivers of sustainability reporting in the global tourism industry. *Tourism Economics*, 27(1), 105-128.
- Velte, P. (2022). Corporate social responsibility performance, reporting and generalized methods of moments (GMM): A structured review of corporate governance determinants and firms' financial consequences. *Corporate Ownership & Control*, 19(2), 8–27. <https://doi.org/10.22495/cocv19i2art1>
- Þingskjal nr. 1244/2019-2020. *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun (gagnsæi stærri kerfislega mikilvægra félaga)*. <https://www.althingi.is/altext/150/s/1244.html>